



Meistaramót GM

Reglur og framkvæmd

1. gr - Almennt

Golfklúbbur Mosfellsbæjar stendur fyrir Meistaramóti GM. Meistaramótið fer fram í byrjun júlí ár hvert og þátttökurétt hafa þeir félagsmenn í GM sem gengið hafa frá greiðslu félagsgjalds.

2. gr – Flokkaskipting og skipulag

Meistaramót GM er leikið í eftirfarandi flokkum og með eftirfarandi leikfyrirkomulagi. Mótsstjórн getur heimilað kylfingum að leika einn flokk upp fyrir sig óski þeir þess.

Karlaflokkar

Flokkur	Teigar	Holur	Fyrirkomulag
Meistaraflokkur (4.4 og lægra í forgjöf)	Hvítir	72 holur	Högggleikur
1. flokkur (4.5 – 9.4 í forgjöf)	Gulir	72 holur	Högggleikur
2. flokkur (9.5 – 14.4 í forgjöf)	Gulir	72 holur	Högggleikur
3. flokkur (14.5 – 20.4 í forgjöf)	Gulir	72 holur	Högggleikur
4. flokkur (20.5 – 24.4 í forgjöf)	Gulir	72 holur	Högggleikur
5. flokkur (24.5 – 54 í forgjöf)	Gulir	54 holur	Högggleikur*
Öldungaflokkur 50+	Gulir	54 holur	Höggl/Höggl. m/forgjöf
Öldungaflokkur 70+	Rauðir	54 holur	Högggleikur

*Högggleikur með hámarkshöggafjölda 9 högg á holu

Kvennaflokkar

Flokkur	Teigar	Holur	Fyrirkomulag
Meistaraflokkur (8.5 í forgjöf og lægra)	Bláir	72 holur	Högggleikur
1. flokkur (8.6-15.5 í forgjöf)	Rauðir	72 holur	Högggleikur
2. flokkur (15.6-22.5 í forgjöf)	Rauðir	72 holur	Högggleikur
3. flokkur (22.6-33.9 í forgjöf)	Rauðir	72 holur	Högggleikur
4. flokkur (34.0-54)	Rauðir	54 holur	Högggleikur*
Öldungaflokkur 50+	Rauðir	54 holur	Höggl/Högg. m/forgjöf
Öldungaflokkur 65+	Rauðir	54 holur	Högggleikur

*Högggleikur með hámarkshöggafjölda 9 högg á holu

Barna og ungingaflokkar

Flokkur	Teigar	Holur	Fyrirkomulag
10 ára og yngri	Rauðir	18 (2*9)	Högggleikur*
11-12 ára	Rauðir	36 (2*18)	Högggleikur*
13-14 ára drengir	Bláir	54 (3*18)	Högggleikur
13-14 ára stúlkur	Rauðir	54 (3*18)	Högggleikur
15-16 ára drengir	Gulir	54 (3*18)	Högggleikur
15-16 ára stúlkur	Bláir	54 (3*18)	Högggleikur
17-18 ára drengir	Hvítir	54 (3*18)	Högggleikur
17-18 ára stúlkur	Bláir	54 (3*18)	Högggleikur

*Högggleikur með hámarkshöggafjölda 9 högg á holu

3. gr – Skráning og skráningarfrestur

Skráning í Meistaramót GM fer fram á golfbox.golf. Skráningarfrestur er til klukkan 20:00 síðasta föstudag fyrir mótt. Mótsstjórn er heimilt að taka við skráningum sem berast eftir að skráningarfrestur er liðinn ef pláss er innan þeirra ráshópa sem floknum hefur verið úthlutað.

4. gr – Rástímar

Rástímaáætlun fyrir mótið í heild sinni er birt með fyrirvara. Rástímaáætlun þessi er síðan uppfærð þegar skráning í mótið lýkur og ætti því að standast að mestu leyti.

Rástímar 1. keppnisdags eru birtir daginn eftir að skráningarfrestur rennur út. Rástímar næstu keppnisdaga á eftir eru birtir eftir að allir keppendur sem leika eiga þann daginn hafa lokið leik daginn á undan.

Raðað er handahófskennd í ráshópa á fyrsta keppnisdegi hvers flokks. Að loknum fyrsta hring er raðað eftir skori, sæti í flokk. Þar sem neðstu sætin fara í fyrsta ráshóp og síðan koll af kolli.

5. gr – Bráðabagnar & umspil

Verði skor jöfn um 1. sæti án forgjafar í meistaraflokkum skal leika þriggja holu umspil á 10., 11. og 18. braut til úrslita. Fáist ekki niðurstaða eftir umspil leika keppendur bráðabana. Bráðabagnar í öllum flokkum fara fram á 10., 11. og 18. braut í þessari röð þar til úrslit eru fengin. Í öðrum flokkum er leikinn bráðabani.

Mótsstjórn mun auglysa tímasetningu umspila og bráðabana. Mæti leikmenn ekki á teig þegar umspil eða bráðabanki á að fara fram telst leikurinn tapaður fyrir þá leikmenn.

Verði skor jöfn í forgjafarkeppni ráðast úrslit í skrifstofubráðabana í samræmi við golfreglur. Verði keppendur jafnir í öðrum verðlaunasætum ráðast úrslit í skrifstofubráðabana í samræmi við golfreglur.

6. gr – Skil á skorkortum

Skorkortum skal skilað án tafa eftir að hring lýkur. Keppendur eru sjálfir ábyrgir fyrir sínu skori og skulu því tryggja að vel sé farið yfir kortið. Leggja skal saman heildarskor á fyrr 9 holunum, seinni 9 holunum og síðan öllum 18 holunum.

Skorkortum er síðan skilað í afgreiðslu.

7. gr – Golfbílar & kylfuberar

Notkun golfbíla og annarra rafknúinna farartækja er heimil í öllum flokkum að undanskildum meistaraflokki karla og meistaraflokki kvenna. Mótsstjórn getur þó heimilað notkun golfbíla í þessum flokkum ef um læknisfræðileg sjónarmið er að ræða.

Kylfuberar eru heimilaðir í öllum flokkum.

8. gr – Verðlaunaafhending & lokahóf

Lokahóf Meistaramóts GM fer fram að kvöldi síðasta keppnisdags, almennt á laugardagskvöldi. Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í öllum flokkum.

Lokahóf barna og unglings fer fram á þriðjudagskvöldi. Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í öllum flokkum.

